

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um Evrópska stöðugleikakerfið.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Hver yrði hlutur Íslands í Evrópska stöðugleikakerfinu í krónum og evrum talið, tæki Ísland upp evru í kjölfar inngöngu í Evrópusambandið og gengi í ERM II, reiknaður út frá annars vegar mannfjölda og hins vegar landsframleiðslu?
2. Hver er reiknireglan sem notuð yrði við útreikning á hlut Íslands í þessum björgunarsjóði?
3. Hver yrði eignarhlutur Íslands í Evrópska seðlabankanum og hvernig yrði hann reiknaður út?
4. Hvaða ábyrgðir yrðu af Íslands hálfu lagðar til grundvallar eignarhlutanum?
5. Hvernig er reiknað út að hlutur Íslands í Evrópska stöðugleikakerfinu yrði 0,1% af eigin fé þess, sbr. svar ráðherra í 231. máli?

Skriflegt svar óskast.

